

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2021-2023

Ríkisaðili	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Ráðuneyti	Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Ábyrgðaraðili	Helga Kristín Kolbeins		
A	Kjarnastarfsemi		
	Skólinn er áfangaskóli sem býður upp á verk- og bóknám. Bæði styttri brautir og brautir til starfsréttinda (5) og stúdentsprófs(3). Ennfremur nám á framhaldsskólabrú og starfabraut fyrir fatlaða nemendur. Eftirtaldar námsbrautir eru starfræktar haustið 2020: Stúdentsbraut - bóknám (15-82-3-6), 60,2% stundar nám á þessari braut, hægt að velja um þrjár línur. Starfsbraut (17-338-3-8), 2% nemenda eru á þessari braut. Vélstjórn B (17-332-3-8), 12,9% nemenda stunda nám á þessari braut. Sjúkraliðabraut (16-182-3-8), 8,5% stundar nám á þessari braut. Framhaldsskólabrú (17-339-1-1), 7,5% stundar nám á þessari braut. Húsasmiðabraut (17-317-3-8), 5% stundar nám á þessari braut. Grunnnám rafiðna (19-172-2-5), 5%stundar nám á þessari braut. Skólinn hefur sett sér þá stefnu að hafa frumkvæði að því að efla formlegt samstarf við hagsmunaaðila, þar með talið atvinnurekendur til að efla og þróa iðn- og tækninám með það að markmiði að fleiri nemendur hefji nám og ljúki á því sviði.		

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2021-2023

Skólinn er virkur þátttakandi í starfi og þróun Fjarmenntaskólanna, starfrækir íþróttaakademíur í samstarfi við ÍBV og GRV og hefur verið í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð um Fablab smiðju en óljóst er hvernig því verkefni verður háttað á árinu 2021. Skólinn hefur sett sér þá stefnu að hafa frumkvæði að því að efla formlegt samstarf við hagsmunaaðila, þar með talið atvinnurekendur til að efla og þróa iðn- og tækninám með það að markmiði að fleiri nemendur hefji nám og ljúki á því sviði. Skólanámskrá er á vef skólans https://www.fiv.is/, hún er í stöðugri endurskoðun og uppfærð reglulega. Skólinn leggur áherslu á kennarar noti námsumsjónarkerfi (Innu) í öllum áföngum. Lokaprófum hefur fækkað og kennarar leggja meiri áherslu á símat í þeim áföngum sem þeir kenna. Með þessum áherslum í kjarnastarfsemi tekur skólinn virkan þátt í vinnu að markmiðum stjórnvalda um aðgang að fjölbreyttu námsframboði sem uppfyllir viðmið um gæði, þ.m.t. starfsnámi og að nemendur ljúki námi á tilskildum tíma miðað við aðalnámskrá 2011.							
Markmið, mælikvarðar og aðgerðir							
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023
A1	Minnka brotthvarf nemenda		Hlutfall nýnema sem innritast á annað ár strax að loknu fyrsta ári.	Hlutfall af skráningu nýnema að hausti upp úr grunnskóla og skráningu þeirra á annað ár.	92,3%	94%	94%

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2021-2023

Tengist markmiði málaflokks							
<i>Markmiði 2. Fjölga nemendum sem ljúka prófi á tilskyldum tíma.</i>							
Nr.	Verkefni/aðgerðir					Upphaf	Endir
A1.1	Endurskoða kennslu í byrjunaráföngum á fyrsta þrepi í kjarnagreinum					2017	2021
A1.2	Sérstök námsaðstoð fyrir nemendur					2019	2023
A1.3							
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023
A2	Efla gæði bók- og starfsnáms		Árangursríkar kennslustundir samkvæmt gildum og stefnu skólans.	Jafningjamat og sjálfsmat kennara.	82% nemenda meta kennslustundir áraangursríkar	85% nemenda meta kennslustundir árangursríkar.	Fer eftir stöður 2021
			Ánægja útskrifaðra nemenda með undirbúning sinn fyrir framhaldsnám og vinnu.	Niðurstöður rýnihópa með fulltrúum	Viðtalsrammi í mótun.	Unnið úr rýninni.	

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2021-2023

				útskriftarnemenda 2015 og 2016.			
			Aðstaða verknáms uppfylli kröfur atvinnulífsins.	Innra mat- könnun á meðal fulltrúum frá atvinnulífinnu.	Aðstaða málmiðn- greina uppfyllir kröfur atvinnulífsins, í vélstjórninni er verið að endurnýja vélar og rafmagns- fræðinn þarfnast betri aðstöðu..	Endurmat á aðstöðu.	
Tengist markmiði málaflokks							
<i>Markmiði 3 . Auka gæði menntunar í framhaldsskólum.</i>							
Nr.	Verkefni/aðgerðir					Upphaf	Endir
A2.1	Endurnýjun tækjabúnaðar					2015	2023
A2.2	Aðlögun að breyttri tækni					2016	

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2021-2023

A2.3	Stuðningur við val nemenda með tilliti til aðgangsviðmiða háskólanna					2018	2021
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023
A3	Fleiri nemendur innritist á verknámsbrautir og ljúki námi		Fjöldi nemenda sem innritast á verknámsbrautir	Innritunartölur úr Innu	21%	25%	
Tengist markmiði málaflokks							
Markmiði 1. Hækka hlutfall nemenda sem ljúka starfs- og tækninámi og jafna kynjadreifingu.							
Nr.	Verkefni/aðgerðir					Upphaf	Endir
A3.1	Auka kynningu á verknámi í grunnskólanum					2020	
A3.2	Auka umfjöllun um verknám í skólanum					2020	
A3.3	Bjóða lotubundið verknám fyrir nemendur sem horfið hafa á brott úr framhaldsskólanámi og gefa þeim tækifæri til að ljúka námi.					2021	

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2021-2023

B Rekstrarþættir						
Við skólann starfa 26 kennarar í 19 stöðugildum. Þar af eru 7 stundakennari, 5 eru án kennsluréttinda en sérfræðingar í sínu fagi og tveir leiðbeinendur. 90% kennara (stundakennarar ekki taldir með) eru með kennsluréttindi í þeim greinum sem þeir kenna. 50% kennara eru karlmenn. 42% kennara eru 55 ára og eldri. Að auki starfa við skólann skólameistari og aðstoðarskólameistari báðir í fullu starfi. Náms- og starfsráðgjafi er í 70% starfshlutfalli, fjármálastjóri í 75% starfshlutfalli, umsjónarmaður fasteigna í 100% starfshlutfalli, starfsmaður á skrifstofu í 50% starfshlutfalli, forstöðumaður bókasafns í 55% starfshlutfalli, einn stuðningsfulltrúar á starfsbraut í hálfu stöðugildi og þrír ræstitæknar sem hver um sig er í 47% starfshlutfalli. 10% annarra starfsmanna er KK og er 40% 55 ára eða eldri. Birtar stefnur skólans eru á heimasíðu hans. https://www.fiv.is/is/namskra/stefna Innra mat skólans byggir á stefnumiðuðu árangursmati „balanced scorecard“. https://www.fiv.is/is/skolinn/sjalfsmat-fiv Skólinn var í ytra mati árið 2015 og var áætlað á árinu 2020 en frestaðist til 2021 vegna Covid-19.						
Markmið, mælikvarðar og aðgerðir						
Nr.1	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023
B1	Efla faglega starfshætti og stuðla að stöðugum umbótum	Hæfni starfsmanna, hlutfall starfsmanna sem rýnir störf sín og sækir sér endurmenntun.	Sjálfsmat, endurmenntunaráætlun.	Mælikvarði skilgreindur.	Mat á hæfi og setti töluleg viðmið.	
		Hlutfall markmiða sem kennarar setja sér og þeir ná innan tiltekins tíma	Markmiðin sem kennarar hafa sett sér eru talin og metið	Mælikvarði skilgreindur.	Mat á hvort sameiginleg markmiða-	

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2021-2023

			hversu mörgum hefur verið náð innan tiltekins tíma.		setning skili árangri.	
Nr.2	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B1.1	Komið á föstu skipulagi á sviði endurmenntunar, innleiðing á hvatakerfi til að halda utan um það.				2019	2022
B1.2	Efla fagvitund kennara með innleiðingu á mati á gæðum kennslunnar, MAS, þar sem kennarar setja sér sameiginleg markmið sem miða að því að bæta kennsluna, setja fram aðgerðir og meta vikulega hvernig gengur ásamt því að rýna tímaáætlanir hjá hvor öðrum, heimsóknir í kennslustundir og jafningjamat og einblínt um leið á styrkleikanna				2016	2022
B1.3						
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023
B2	Efling mannauðs	Aðbúnaður og starfsumhverfi samræmist nútíma vinnulagi.	Niðurstöður úr könnun Sameykis, Stofnun ársins	Mjög góð	Aðbúnaður til fyrirmyndar,	
		Upplýsingaflæði verði greiðara	Samantekt á hvernig upplýsingamiðlun er til starfsmanna og þeirra á milli.	Starfsmenn hafa ekki náð tókum að nálgast upplýsingar á	Fer eftir niðurstöðu eftir endurskoðun .	

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2021-2023

				innri vef. Endurskoðun		
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B2.1	Fræðsla og ráðgjöf um ákjósanlegt vinnulag mótun verklagsreglna.				2018	2023
B2.2	Endurmat á innri vef starfsmanna.				2019	2021
B2.3						
Nr.3	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023
B3	Draga úr umhverfisáhrifum	Framþróun í verkefninu um græn skref í ríkisrekstri	Skjöl varðandi græn skref	Búið er að vinna markvisst að umhverfismálum í skólanum en ekki	Öllum skrefum hefur verið náð	

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2021-2023

				farið í að kortleggja stöðuna hvar við stöndum í grænu skrefunum.		
		Minnkuð notkun og förgun pappírs.	Gögn úr bókhaldi, hversu mikið er keypt af pappír	Dregið hefur mjög úr pappírsnotkun. Vantar að taka saman upplýsingar hversu mikið.	Fer eftir mati.	
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B3.1	Skipa vinnuhóp sem hefur það verkefni að kortleggja og framkvæma græn skref.				2020	2021
B3.2	Fara yfir pappírsnotkun hjá stofnuninni.				2020	

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2021-2023

B3.3			
-------------	--	--	--

Leiðbeiningar við móttun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

Almennt um skjalið

Stefnumiðuð áætlun til þriggja ára er gerð í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Henni er ætlað að kallast á við stefnu í þeim málaflokki/-um sem stofnun starfar eftir skv. gildandi fjármálaáætlun. Það er því ekki gert ráð fyrir að áætlunin nái utan um starfsemi aðila í heild sinni heldur endurspegli áherslur stjórnvalda hverju sinni og geri grein fyrir því hvernig aðili mun vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Ríkisaðilar eru engu að síður hvattir til að vinna heildstæða stefnu fyrir starfsemi sína og nýta þætti úr henni í þessa stefnumiðuð áætlun.

Þau markmið og mælikvarðar sem hér eru sett fram verða lögð til grundvallar við mat á árangri og ávinningi af ráðstöfun fjármuna.

Gera má nánari grein fyrir stefnumiðaðri áætlun aðila til þriggja ára og framkvæmd hennar í viðauka.

Stefnumiðaða áætlunin verður birt á vefjum aðila og Stjórnarráðsins.

Kjarnastarfsemi

Gera skal grein fyrir starfssviði ríkisaðila, undir hvaða málaflokk/a starfsemin fellur og hlutverki við framkvæmd stefnu innan málaflokksins. Þetta er ekki hugsað sem tæmandi listi yfir lögbundin verkefni heldur yfirlit yfir eðli eða tegundir verkefna og tengingu þeirra við opinberar stefnur og áætlanir.

Eftir því sem mögulegt er skal gera grein fyrir skiptingu útgjalda eftir meginviðfangsefnum í kjarnastarfsemi aðila.

Eftir því sem við á skal fjalla um væntanlegar breytingar, t.d. á regluverki eða lýðfræðilegar breytingar sem gera má ráð fyrir að hafi áhrif á þróun kjarnastarfsemi.

Markmið (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið sem miða að framkvæmd eins eða fleiri markmiða í málaflokki, sbr. fjármálaáætlun.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að samfélagslegum ávinningi eða bættum niðurstöðum (*outcome*) fyrir almenning frekar en að leggja áherslu á framlag eða aðföng (*input*) aðila. Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

HM er skammstöfun fyrir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og valkvætt er skrá númer þess heimsmarkmiðs sem viðkomandi markmið styður við. Hægt er að hafa til hliðsjónar heimsmarkmið sem skilgreind eru í markmiðatöflu í fjármálaáætlun.

Leiðbeiningar við móttun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur? Hafa skal til hliðsjónar mælikvarða sem skilgreindir eru í markmiðatöflu í gildandi fjármálaáætlun.

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem áætlunin nær til.

Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvernær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangs röðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára. Hafa skal til hliðsjónar þær aðgerðir sem tilgreindar eru í aðgerðatöflu í gildandi fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sérstaklega ef þær eru á ábyrgð aðila.

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.

Rekstrarþættir

Gera skal grein fyrir hvernig innra starf og skipulag ríkisaðila styður við kjarnastarfsemi og miðar að auknum gæðum. Fjalla skal stuttlega um áherslur og áætlaða þróun í innra starfi s.s. stjórnskipulagi, fjármálum, mannauðsmálum (fjöldi starfsmanna, stjórnendur, starfstöðvar, áætlun aukna þörf o.s.frv.) jafnréttismálum, umhverfismálum og upplýsingatækni.

Loks skal gera grein fyrir hvernig gæði og árangur í allri starfsemi eru metin. Er starfsemi metin reglulega? Hvernig er matið framkvæmt? Hvernig er gripið til úrbóta? Í hve ríkum mæli eru

Leiðbeiningar við mótun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

mælikvarðar notaðir? Er gert ráð fyrir því að þróa mælikvarða í átt að samhæfðu árangursmati og þá hvernig?

Markmið (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið fyrir rekstrarþætti, í viðum skilningi og almenna starfsemi aðila.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að auknum gæðum í starfsemi stofnunar eða bæta/efla/styrkja tiltekna þætti. Markmiðin ættu að taka til aukinnar skilvirkni í starfsemi ríkisaðila, umbóta á sviði mannauðsmála og umhverfismála. Sem dæmi má taka mið af áherslum um betri vinnutíma og umbótasamtal því tengt auk markmiða stjórnvalda sem miða að því að stafræn samskipti séu megin samskiptaleið við ríkið og að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040. Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur af markmiðasetningu?

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem stefnumiðaða áætlunin nær til.

Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvenær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangs röðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára.

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.